

Samþykktir

Skemmtifélags starfsmanna Fjarðabyggðar

1.gr.

Félagið heitir Skemmtifélag starfsmanna Fjarðabyggðar (SSF).

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er að Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að halda utan um sjóði til ferða- og skemmtanahalds, afla félagsmönnum tilboða og afslátta á vörum og þjónustu, skipuleggja viðburði félagsmönnum til skemmtunar og afþreyingar og mynda vettvang sem nýst getur félagsmönnum til fræðslu og eflingar í starfi og leik.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með mánaðarlegum greiðslum félagsmanna ásamt samningum við vinnuveitanda um reglubundinn stuðning við starfsemi félagsins.

5. gr.

Stofnfélagar eru:

Andrés Gunnlaugsson, Svínaskálahlíð 15, 735 Fjarðabyggð, kt. 201147-2989

Eygló Aðalsteinsdóttir, Túngötu 11, 750 Fjarðabyggð, kt. 040353-4029

Gúðrún Óladóttir, Miðdal 11, 735 Fjarðabyggðar, kt. 210759-2989

Halla Höskuldsdóttir, Gauksmýri 6, 740 Fjarðabyggð, kt. 080160-7549

Hjördís Helga Þóroddsdóttir Seljan, Melgerði 7, 730 Reyðarfjörður, kt. 150689-3099

Helga Björk Einarsdóttir, Bogahlíð 2, 735 Fjarðabyggð, kt. 150873-5179

Helga Guðrún Jónasdóttir, Melgerði 7, 730 Fjarðabyggð, kt. 061263-5519

Hreggviður Sigurþórsson, Lambeyrarbraut 4, 735 Fjarðabyggð, kt. 191270-4529

Ingunn Valdís Baldursdóttir, Bleiksárhlíð 32, 735 Fjarðabyggð, 100585-2439

Jón Hilmar Kárason, Þiljuvöllum 12, 740 Fjarðabyggð, kt. 160276-3129

Jóna Petra Magnúsdóttir, Fjarðarbraut 61, Fjarðabyggð, kt. 131168-4979

María Hákonardóttir, Ystadal 3, 735 Fjarðabyggð, kt. 210759-2989

Sóley Valdimarsdóttir, Strandgötu 59, 735 Fjarðabyggð, kt. 140369-4119

Stella Rut Axelsdóttir, Þiljuvöllum 36, 740 Fjarðabyggð, kt. 290572-4289

6.gr.

Félagsmenn eru allir fastráðnir starfsmenn hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Úrsagnir úr félaginu þarf að tilkynna skriflega til ritara stjórnar.

7. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð tíu félagsmönnum. Kjósa skal á öðrum hverjum aðalfundi félagsins, stjórn til tveggja ára í senn. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipta stjórnarmenn með sér verkum en velja skal formann, gjaldkera og ritara úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn félagsins annast daglega umsjón þess og ákveður formaður fundartíma, fundarstað og fjölda funda eins og hæfa þykir í samráði við aðra stjórnarmenn.

Stjórn félagsins er heimilt að mynda framkvæmdastjórn sem fer með daglega umsjón í umboði stjórnar og sem í eiga sæti formaður, gjaldkeri og ritari. Starfstími framkvæmdastjórnar er kjörtímabil viðkomandi stjórnar. Skal framkvæmdastjórn upplýsa stjórn félagsins um framgang mála á stjórnarfundum sem formaður boðar til tvisvar sinnum á ári hið minnsta.

Ákvarðanir sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar eða aðrar bindandi ákvarðanir fyrir hönd félagsins og félagsmanna verða því aðeins teknar þegar sex stjórnarmenn eða fleiri, sitja löglega boðaðan stjórnarfund. Meirihluti atkvæða ræður á stjórnarfundum.

Formaður boðar til stjórnarfundar með sjö daga fyrirvara, með tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti.

Firmarritun félagsins er í höndum formanns, gjaldkera og ritara. Ritari annast ritun fundargerða stjórnarfunda. Stjórnarstörf eru ólaunuð.

8. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Aðalfundur félagsins skal fara fram ekki síðar en 15.mars ár hvert. Boða skal aðalfund með fjórtán daga fyrirvara með auglýsingu, tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti.

Fundarboði skal fylgja framkomnar tillögur að breytingum á samþykktum félagsins, ef einhverjar eru. Breytingatillaga telst samþykkt ef 2/3 fundarmanna á aðalfundi félagsins greiða henni atkvæði.

Allir starfsmenn á launaskrá hjá Fjarðabyggð í þeim mánuði sem aðalfundur er haldinn, hafa málfrelsis og tillögurétt á aðalfundum og almennum félagsfundum. Atkvæðisrétt hafa þó einungis fastráðnir starfsmenn Fjarðabyggðar, sem greitt hafa til félagsins, nema einfaldur meirihluti á aðalfundi ákveði annað í atkvæðagreiðslu.

9.gr.

Verkefni aðalfundar eru eftirfarandi:

- Formaður kynnir skýrslu stjórnar frá síðasta almanaksári.
- Gjaldkeri ber upp reikninga félagsins frá síðasta almanaksári.
- Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði aðalfundar.
- Stjórnarkjör til næstu tveggja ára, hafi kosning ekki farið fram á síðasta aðalfundi.
- Samhliða stjórnarkjöri fer fram kjör tveggja skoðunarmanna til næstu tveggja ára.
- Kjör fimm manna uppstillingarnefndar stjórnar, það ár sem stjórnarkjör fer ekki fram.
- Önnur mál

10. gr.

Á þeim aðalfundum sem stjórnarkjör er ekki á dagskrá, skal stjórn félagsins leggja fram tillögu um fimm félagsmenn í uppstillingarnefnd. Séu á fundinum gerðar aðrar tillögur að skipan nefndarinnar, ná þeir fimm frambjóðendur kjöri sem flest atkvæði hljóta.

Uppstillinganefnd gerir tillögu að tíu stjórnarmönnum til tveggja ára á aðalfundi félagsins ári síðar. Uppstillingarnefnd skal gæta þess að búseta stjórnarmanna og stofnanir sveitarfélagsins endurspeglar með sem jöfnustum hætti í tillögu nefndarinnar en auk þess skal hlutfall kynjanna vera með sem jöfnustum hætti. Komi fram á aðalfundi aðrar tillögur til viðbótar tillögum uppstillinganefndar, ná þeir tíu félagsmenn kjöri til stjórnar sem flest atkvæði hljóta.

11. gr.

Njóti reikningar félagsins ekki stuðnings meirihluta þeirra félagsmanna sem greiða um þá atkvæði á aðalfundi, skal stjórn félagsins strax víkja. Við daglegri stjórn félagsins, ásamt öðrum stjórnarskyldum, tekur fimm manna stjórn til bráðabirgða fram að næsta aðalfundi félagsins. Skal sú bráðabirgðastjórn kjörin í beinu framhaldi af atkvæðagreiðslu um reikninga félagsins og ná þeir kjöri sem flest atkvæði hljóta.

12. gr.

Félagið er fjármagnað með mánaðarlegum greiðslum félagsmanna inn á reikning félagsins ásamt mótframlögum frá vinnuveitenda. Upphæð mánaðarlegrar greiðslu, fram að næsta aðalfundi, skal bera upp á hverjum aðalfundi til samþykktar. Stjórn félagsins er heimilt að afla styrkja og frjálstra framlaga vegna stærri viðburða á vegum félagsins.

13. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins.

14. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundifundi að undangenginni atkvæðagreiðslu og þurfa 2/3 fundarmanna að samþykkja slit. Við slit félagsins skulu sjóðseignir renna til góðgerðarmála í Fjarðabyggð í samræmi við meirihlutaákvörðun aðalfundar þar að lútandi.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins og öðlast gildi 5. apríl 2014.

Fjarðabyggð, 5. apríl 2014